

KARÓLSKA KIRKJUBLAÐIÐ

32. ÁRG • 12. TÖLUBLAÐ • DESEMBER 2022

Jólatréð á Péturstorginu

Kveikt var á jólatré Vatíkansins á Péturstorginu 3. desember sl. Tréð er hvítþinur, 30 metra hár og 113 ára gamall, ættaður frá Abruzzo-héraði á Mið-Ítalíu.

Skreytingarnar voru handgerðar af ungu fólki í gedrænni endurhæfingu, öldruðu fólki og börnum frá ýmsum stöðum á Ítalíu .



HEIMSÆSKULÝÐSDAGURINN (HÆÐ) – WORLD YOUTH DAY (WYD) – 1.-7. ÁGÚST 2023



Piotr Majtyka, djákni í Reykjavíkurbiskupsdæmi, fór til Portúgal nýlega til að taka þátt í undirbúningi Heimsæskulýðsdagsins 2023 í Lissabon. Þetta hafði hann að segja að fundinum loknum.

Heimsæskulýðsdagurinn (HÆÐ) nálgast. Af því tilefni var haldinn þriggja daga langur undirbúningsfundur í Fatíma þar sem saman komu sendinefndir frá öllum heimshornum til að ræða, biðja og skipuleggja viðburðinn. Ég naut þeirra forréttinda að vera fulltrúi lands okkar og biskupsdæmis með Ivan Sovic, verkefnastjóra í biskupsdæmi okkar. Eins og við komumst að í Portúgal vorum við ekki einu þátttakendurnir sem voru ekki fulltrúar fæðingarlandsins. Ég hitti til dæmis nokkra pólska presta sem eru fulltrúar annarra samfélaga eða þjóða og fjöldann allan af ungu fólki frá Norðurlöndunum, en því miður enga Íslendinga. Við skulum vona að það breytist í framtíðinni...

Við viljum bjóða öllu ungmennum sem eru að minnsta kosti 18 ára að slást í hópinn og vera fulltrúar Reykjavíkurbiskupsdæmis og Íslands á þessum frábæra viðburði.
(Þau sem eru undir 18 ára aldri geta tekið þátt í fylgd með fullorðnum)

Nú þegar er hægt að sækja um þátttöku á Heimsæskulýðsdeginum í Lissabon á eftirfarandi netfangi: nem.ivan@gmail.com eða í síma 552 5388. Við skráningu þarf að greiða 40.000 kr.

Heildarkostnaður við ferðina er áætlaður **140.000 kr.** Hins vegar munum við gera okkar besta til að gera ferðina eins ódýra og hægt er fyrir ykkur.

Þetta felur í sér:

- flugmiði til Lissabon og til baka
- hópgisting í Lissabon
- matur

- ferðast með almenningssamgöngum á WYD svæðinu

Þetta var frábær tími í Fatíma, en það er staðurinn þar sem börnin þrjú undir 10 ára aldri hlutu blessun nærveru Maríu meyjar árið 1917. Við gátum séð kapelluna þar sem birtingar hennar áttu sér stað. Mestum tíma eyddum við í Miðstöð hl. Páls VI til að fá mikilvægar upplýsingar fyrir hópa okkar og ræða ýmis atriði varðandi undirbúning og þátttöku í WYD sem mun fara fram í Lissabon. Það var auðvitað tími til að biðja fyrir WYD og öllu ungu fólki í heiminum, sérstaklega þeim sem ætla að taka þátt í þessari alþjóðlegu kristnu samkomu ungmenna næsta sumar.

Síðasta daginn hittum við borgarstjórnann í Lissabon og skoðuðum staðina fyrir helstu viðburði og hvernig starfinu vindur fram. Hér og nú vil ég bjóða þér að slást í hópinn og fara með okkur til Lissabon í lok júlí-ágúst 2023. Það verður blessaður tími með þeirri einstöku upplifun að hitta ungt kristið fólk og páfann í því fagra og hlýja landi Portúgal.



Til að auðvelda greiðslu þátttökugjaldsins skiptum við því í þrjá hluta.

Auðvitað getið þið borgað allt í einu ef þið viljið.

- 40.000 kr. við skráningu
- 50.000 kr. til 1. febrúar 2023
- 50.000 kr. til 1. mars 2023

Lokadagur skráningar er 1. mars 2023.

Möguleiki verður á að framlengja pilgrímsferðina og fara á Daga í biskupsdæmunum í opinberri WYD dagskrá, dagana 26.-30. júlí 2023 fyrir 15.000 kr til viðbótar + kostnað við rútu- eða lestarmiða til og frá biskupsdæminu.

*allar dagsetningar eru opinberar WYD dagsetningar og líklega munum við bæta við einum degi fyrir og eftir fyrir flug okkar til og frá Portúgal.



„ÞEGAR EINHVER KVEIKIR LOGA GÓÐVILDAR TIL ÞÍN, MUN HANN ALDREI SLOKKNA“ UM KOMU SÉRA MYKHAILO IVANYAK TIL ÍSLANDS FRÁ ÚKRAÍNU

(Hér birtist aðeins hluti bréfsins en hægt er að lesa það óstýtt á heimasíðu biskupsdæmisins, www.catholica.is en auk þess skoða fleiri myndir frá ferðum prestsins hér á landi)

Stríð veldur hræðilegri eyðileggingu. Það tvístrar fólki um allan heim. Verðmætum mannlífum er eytt á augabragði með sprengjuárásum. Að lifa eitt andartak er orðið áskorun og þú veist ekki nákvæmlega hvar rússnesku flugskeytin muni lenda. Frá vígvellinum fljúga þúsundir eldflauga á heimili okkar, Rússar hafa ráðist á grimmilegan hátt inn á leiksvæði barna, sjúkrahús, skóla, bókasöfn og íbúðarhverfi. Fólk deyr á hverjum degi. Það er erfitt að þola þegar þú þarft að hlaupa í loftvarnarbyrgi allt að tíu sinnum yfir daginn. Auðvitað þola ekki allir þessa erfiðu tíma og þess vegna neyddust margir Úkraínumenn til að yfirgefa heimalandið sitt. Mörg vinsamleg lönd opnuðu dyr sínar fyrir þeim sem misstu ættingja sína, heimili sín, fyrir úkraínskum börnum sem vilja eiga edlilega æsku, læra og leika og byggja upp drauma sína. Ísland er orðið vinur okkar. Um 2.000 Úkraínumenn hafa fundið vernd og aðstoð hér á landi. Íslendingar hafa stór hjörtu og umhyggja þeirra hjálpaði þeim sem reyndu að bjarga lífi sínu. Óvenjulegt örlæti er frábær birtingarmynd evangelísku sannleika, að verða náungar, eins og Kristur kenndi okkur.

Aðlögunartíminn heldur auðvitað áfram og samhliða þeim áskorunum þurfa Úkraínumenn líka andlegan stuðning. Úkraínska grísk-kaþólska kirkjan gerir allt sem hægt er til að hjálpa öllum sem þurfa einföld mannleg samskipti. Postullegur æðsti embættismaður úkraínsku kirkjunnar í Þýskalandi og Skandinavíu (UGCC, Ukrainian Greek Catholic Church), hefur einnig á hendi umsjón trúaðra á Íslandi. Bohdan Dziurach biskup heimsótti Ísland í febrúar 2022. Á fundi með kaþólska biskupinum David ræddu þeir möguleikann á að hér þjóni prestur fyrir þá sem tilheyra býsanstrú og búa á Íslandi.

Hins vegar, eftir atburðina 24. febrúar 2022, þegar Rússland hóf opinberlega stríð gegn Úkraínu. var þessari hugmynd um heimsóknir presta vikið frá í bili. Og svo kom séra Mykhailo Ivanyak þann 9. nóvember 2022. Það er ekki auðvelt að stíga fyrstu skrefin, en Drottinn hjálpar alltaf í gegnum



gott fólk, og því færi ég einlægur þakki til Davids biskups, prestanna Patricks, Jakobs, Methods, Jürgens og allra kaþólsku sóknarbornanna sem hjálpuðu til við að stíga þessi fyrstu skref. Kirkjur voru opnaðar fyrir okkur til að biðja. Sérstaklega ber að þakka sjálfbodaliðanum Kristófer. Frá upphafi komu Úkraínumanna í febrúar, hjálpar hann þeim á virkan og fórnfúsan hátt. Í samvinnu við Kristófer höfum við þegar náð að heimsækja ýmsa staði þar sem innflytjendur okkar eru, svo sem í Reykjavík, á Bifröst og Akureyri. Þökk sé íslenskri góðvild fékk fólkið mat, fatnað og aðra aðstoð.

Megi miskunn Jesú Krists umvefja hjörtu ykkar á nýju ári. Heimili ykkar eru svo björt og falleg þessa dagana og við í Úkraínu erum að tala um ómanneskjuleg grimmdarverk sem Rússar fremja í Úkraínu um þessar mundir, til að skilja okkur eftir án ljóss og hlýju: munið að við höfum virka orku hugmynda, tilfinninga, samskipta og stuðnings, reiði, skopskyns, bæna, söngva, samúðar, gagnkvæmrar hjálpar og við erum þakklát vinum okkar. Þegar einhver kveikir loga góðvildar til þín, mun hann aldrei slokkna. Kærar þakki, vinir á Íslandi. Dýrð sé Íslandi! Dýrð sé Úkraínu!

30. nóvember 2022

Séra Mykhailo Ivanyak er prestur úkraínsku grísk-kaþólsku kirkjunnar, og tilheyrir alþjóðlegum munkasamfélagi endurlausnarsinna (Congregatio Sanctissimi Redemptoris). Síðan 2014 hefur hann verið prestur úkraínska hersins. Hann þjónar að býsönskum sið, sem í meginatriðum ber allar undirstöður rétttrúnaðartrúarinnar.



AFTANSÖNGUR ÚR ÞORLÁKSTÍÐUM MEÐ VOCES THULES 23. DESEMBER, KL. 17-18



Sönghópurinn Voces Thules flytur aftansöng, VESPER I úr Þorlákstíðum, klukkan 17-18 á Þorláksmessu, 23. desember, í Dómkirkju Krists Konungs í Landakoti.

Tíðasöngur í gregoriönskum stíl er nokkurs konar kyrrðarsöngur, þar sem flæði tónlistarinnar og textanna fleytir þátttakandanum áfram líkt og hann sigli áreynslulaust á öldufaldi, en með skýra stefnu. Flutningur þessarar tónlistar er innilegt tilbeiðslu- og hugleiðsluform, sem kristin kirkja hefur iðkað frá ómunatíð.

Á Listahátíð í Reykjavík 1998, á Hvítasunnu, fluttu Voces Thules Þorlákstíðir í heild sinni á rúmum sólarhring að fornum klaustursíð, í tilefni af 800 ára dýrlingshátíð Þorláks biskups Þórhallssonar.

Í kjölfar flutningsins hófs hljóðritun Þorlákstíða í áföngum, sem var gefin út á listbók, hannaðri af Brynju Baldursdóttur,

sem innihélt þrjá geisladiska og einn textadisk, ásamt greinum á nokkrum tungumálum. Hagnýt uppskrift Þorlákstíða, sem Eggert Pálsson hefur unnið upp úr handritinu, mun vonandi verða aðgengileg þegar fram líða stundir.

Þorlákur biskup Þórhallsson lést 23. desember 1193. Þann 20. júlí 1198 voru bein hans tekin upp, áheit á hann heimiluð af Alþingi 1199 og messudagur hans, 20. júlí eða Þorláksmessa á sumar, lögtekinn 1237. Jóhannes Páll II páfi útnefndi Þorlák verndardýrling Íslands með tilskipun 14. janúar 1984.

Voces Thules: Eggert Pálsson, Einar Jóhannesson, Eiríkur Hreinn Helgason, Eyjólfur Eyjólfsson, Pétur Húni Björnsson, Sigurður Halldórsson, Sverrir Guðjónsson.



FRÁ HEIMSKIRKJUNNI

Minningarathöfn um Eirík Valkendorf (um 1465-1522), erkibiskup í Noregi



Eirík Varden, biskup í Þrándheimi

Valkendorf var næstsíðasti erkibiskupinn í Niðarósi – nú Þrándheimi – í Noregi fyrir síðaskiptin. Erik Varden, núverandi biskup katólskra í Þrándheimi, afhjúpaði minningarskjöld um Valkendorf biskup á dánardegi hans, 28. nóvember sl., í Santa Maria dell'Anima-kirkjunni í Róm.

Varden biskup lýsti átökum Kristjáns II konungs og Valkendorfs. Þeir tveir, sagði hann, hefðu verið „góðir félagar í fyrstu“. En þá fékk Kristján Valkendorf til að verða erkibiskup í Niðarósi árið 1510 – og þar með „metrópólitán alls Noregs, auk

Grænlands, Íslands, Orkneyja og Manar.“ „Valkendorf tók loforð af konungi um að sá síðarnefndi myndi ekki hrófla við réttindum kirkjunnar, en Kristján treysti líklega á svigrúm til túlkunar milli gamalla vina,“ sagði Varden. „Hann hafði rangt fyrir sér. Valkendorf varð einlægur biskup sem elskaði biskupsdæmi sitt. Hann stjórnaði skynsamlega og reyndist vinsæll hirðir. Það vakti óánægju erkibiskups að Kristján áreitti hann stöðugt og olli honum fjárhagsvandræðum og skorti virðingu fyrir réttindum kirkjunnar,“ sagði Varden. „Konungurinn vildi aftur á móti ryðja fyrrverandi vini úr vegi: Hann var honum ekki lengur að gagni.“

Valkendorf ákvað að lokum að „skjóta málinu til páfa. Árið 1522 kom hann til Rómar og lést í borginni 28. nóvember sama ár.“ Hadrianus páfi VI lofaði hann „fyrir staðfestu hans, sem minnir á Thomas Becket, við varðveislu frelsis kirkjunnar.“ Ólíkt Becket var Valkendorf hins vegar „ekki píslarvottur í ströngum skilningi. En trúmennska hans kostaði hann allt: Heilsu, auð og orðstír.“ Varden sagði enn fremur: „Hugrekkið sem hann sýndi er meira en náttúrulegt æðruleysi.“

Af frjálsum vilja leyfði hann krossi Krists að innsigla líf sitt. Einkennandi eiginleiki Niðaróss-síðarins er að eftir helgunina heldur presturinn handleggjum sínum „í formi kross, sem vísar upp.“ Maður getur ekki staðið í þessari stellingu dag eftir dag, ár eftir ár, án þess að það skilji eftir sig spor í sálinni: Við skynjum í Valkendorf hollustu við Krist.“

BÆNAREFNI PÁFA Í DESEMBER 2022 OG JANÚAR-FEBRÚAR 2023

DESEMBER 2022

Fyrir sjálfboðaliðum í sjálfseignarstofnunum

Við biðjum þess að sjálfseignarstofnanir, sem vinna að þróunarhjálp, finni fólk sem hugsar um almannaheill og vinnur sleitulaust að alþjóðlegu samstarfi.

JANÚAR 2023

Fyrir uppfræðurum

Við biðjum að uppfræðarar megi vera trúverðug vitni, kenni bræðralag fremur en samkeppni og hjálpi hinum yngstu og varnarlausustu framfar öðrum.

FEBRÚAR 2023

Fyrir sóknum

Við biðjum að sóknirnar, sem setja samfélag safnaðarins í forgang, megi sífellt meir verða samfélög trúar og bræðralags og taki vel á móti þeim sem þess þurfa mest við.



RÁÐSTEFNA MISSIO NORDICA



Sögulegur fundur stjórnenda trúboðsfélaga Páfastóls (PMS), ýmissa landa og biskupsdæma á Norðurlöndum, var haldinn á Íslandi dagana 20.-24. september. Hann fór fram í Stykkishólmi og sóttu það allir fimm stjórnendur félaganna í biskupsdæmunum: April Frigge, - Íslandi, Anna Bieniaszewski Sandberg - Svíþjóð, Fr. Quang Minh Nguyen - Danmörku, Sindre-Jacok Bostad djákni - Noregi, og sr. Tri Nguyen - Finnlandi og framkvæmdastjóri Missio Nordica, Ivan Sovic.

HVATNINGAFUNDUR UM TRÚBOÐ FYRIR PÓLSKUMÆLANDI FÓLK

Helgina 15. og 16. október 2022 heimsóttu sr. Maciej Bedzinski, (framkvæmdastjóri Missio í Póllandi) og msgr. Tomas Atlas (frá postullegu trúboðsfélagi páfa í Róm), Reykjavíkurbiskupsdæmi til að halda hvatningafund um trúboðið vegna Heimstrúboðsdagsins 23. október.

Þeir hittu pólsk ungmenni í sókn Krists konungs, héldu tvær messur og predikuðu í Dómkirkjunni og einnig í Keflavík og á Hvolsvelli.

Markmið þeirra var að efla starf trúboðsfélaga Páfastóls og Missio Nordica og vekja athygli á trúboðsstarfi kirkjunnar og ungra safnaða um allan heim.

Viðstaddir fundinn voru framkvæmdastjóri Trúboðssambands Páfastóls, sr. Dinh Anh Nhue Nguyen, OFM. Conv., og sr. Tadeusz Jan Nowak, OMI, framkvæmdastjóri Trúarboðsfélags Páfastóls til útbreiðslu trúarinnar. Einnig tók þátt í þessum vikulanga fundi Reykjavíkurbiskup, séra David Bartimej Tencer, OFM Cap.

Fundurinn lagði áherslu á að hjálpa stjórnendum PMS að kynnst betur eðli og málefnum trúboðsfélaganna fjögurra og hlutverki þeirra í lífi alheimskirkjunnar og í hverri sérstakri kirkju. Einnig var stutt kynning á stofnanda Félags til útbreiðslu trúarinnar, hinni blessuðu Pauline Marie Jaricot, lífi hennar, trúboði og upptöku í hóp blessaðra. Á fundinum gafst einnig tími fyrir stjórnarmenn til að kynnst betur hver öðrum, þróa dýpri tilfinningu fyrir samfélagi og samvinnu og ákafari trúboðsanda til að framkvæma kraftmikið trúboð í löndum sínum á skilvirkari hátt.

Daglegt messuhald og bæn veittu lifandi andlegan grunn fyrir samverustundirnar. Þátttakendum gafst kostur á að heimsækja Mariulind, helgistað pílgríma hjá kaþólskum á Íslandi, og þeir fóru Gullna hringinn og til Skálholts, þar sem Jón Arason var tekinn af lífi árið 1550, en hann var síðasti kaþólski biskupinn fyrir siðaskipti.

Stjórnendurnir eru nú komnir aftur til síns heima, reiðubúnir til að taka þátt í öflugu trúboði eftir að hafa öðlast dýpri skilning á félögunum og brýnu mikilvægi þeirra fyrir kirkjuna.



Við viljum þakka þeim fyrir viðleitni þeirra og hjálp!

SÖFNUN FYRIR BARNAMISSIO VERÐUR SUNNUDAGINN 8. JANÚAR 2023.

Íslandsbanki 0513-14-402966, kt. 6801694629



ÚR SAFNAÐARLÍFINU

FRÁ DÓMKIRKJU KRISTS KONUNGS



Þriðjudaginn 18. október sl. kl. 19.00, kom nokkur hópur barna saman í Dómkirkju Krists konungs til að biðja saman Rósakransinn. Þetta er liður í alþjóðlegu bænarátaki fyrir friði og einingu í heiminum, sem ber heitið „Milljón börn biðja Rósakransinn“. Á eftir þágu börnin veitingar í safnaðarheimili kirkjunnar. Samkvæmt nýjustu upplýsingum (1. desember) tóku 871.523 börn þátt í átakinu um heim allan.



Pílagrímsferð til Skálholts 7.

nóvember 2022

Að venju fór nokkur hópur fólks í pílagrímsferð til Skálholts þann 7. nóvember, á dánardegi Jóns biskups Arasonar, sem tekinn var af lífi í Skálholti þann dag árið 1550.

Haldin var bænastund við minnisvarðann um biskupinn og síðan las séra Jakob messu í Skálholtskirkju.



FRÁ HAFNARFIRÐI



1. Ferðalag þrautseigjuhópsins

Mikilvægt verkefni í trúfræðsludagskrá okkar er að fara með hvern hóp í ferðalag einu sinni í mánuði. Laugardaginn þann 7. október síðastliðinn fórum við í leiðangur með þrautseigjuhópnum. Þetta var öðruvísi ferð en vanalega. Við fórum að skoða nokkra staði í Reykjanesbæ. Eitt af sóknarbörnum okkar sem starfar í fiskeldisfyrirtækinu Stolt Sea Farm bauð okkur í heimsókn á opið hús.



2. Bænadagur og altarisganga

Fyrir Guðs náð gátum við haldið kyrrðardag síðastliðinn laugardag með börnunum sem eru að búa sig undir fyrstu altarisgöngu í sóknarkirkju okkar. Eins og alltaf er það dýrmætt tækifæri fyrir börnin til að dýpka vináttu sína við Jesú og líka að eignast vini sem, eins og þau, vilja elska Jesú og kirkju hans meira og meira. Eins og allir vita er ekki auðvelt að vera einn og bænadagar eru frábært tækifæri til að vaxa sem hópur og styðja hvert annað á leiðinni til Guðs.



3. Fermingarhópur II

Hér má lesa vitnisburð Filips, eins þátttakandans: „Heimsóknin var mjög skemmtileg! Við sungum saman og fórum í leiki. Mér fannst skemmtilegast að fara í skógargönguna í myrkri með vasaljósum. Það var mjög gaman þegar presturinn faldi mynd af dýrtingi í kirkjunni og við áttum öll að leita að henni. Ég lærði um nýjan dýrting sem heitir Carlos Acutis. Hann dó þegar hann var 15 ára en áður en hann dó gerði hann kynningar um kraftaverk Evkaristíunnar. Mér finnst mjög gaman að koma í kirkjuna á laugardögum og hjálpa systrunum að útbúa snarl fyrir börnin og læra meira um Jesú.“





4. Allra heilagra messa í Jósefskirkju

Þann 1. nóvember síðastliðinn héldum við hátíðlega Allra heilagra messu í sókninni okkar.

Hátíðarmessa var haldin klukkan 18:00 og eftir messuna klæddust öll börnin (og ekki aðeins börnin) sem dýrlingar (við höfðum t.d. Móður Teresu frá Kalkúttu, heilaga Gemmu Galgani, Cura Brochero, heilaga Jóhönnu af Örk o.s.frv.). Það sást vel hve þau höfðu lagt mikla sköpunargleði og ímyndunarafli í gerð buninganna. Við snæddum góðan kvöldverð og svo var svakafloft happdrætti með alls konar vinningum.



5. Aðventukransar

Laugardaginn 17. nóvember ríkti kunnuglegt andrúmsloft í safnaðarheimili St. Jósefskirkju. Foreldrar og börn unnu ótullega saman að því að búa til aðventukransa fyrir heimili sín. Börnin fóru að fyrirmælum prestanna og systranna og foreldrar þeirra hjálpuðu þeim síðan að útbúa kransa sína. Það var mjög hugljúf sjón að verða vitni að því að foreldrar hjálpuðu börnum sínum að búa til sinn eigin aðventukrans. Börnin voru afar stolt af því að taka með sér fullbúna kransa heim til að nota þessa aðventu. Við vonumst til þess að verkefnið hjálpi fjölskyldum sóknarinnar að biðja saman og taka virkari þátt í undirbúningi jólanna í ár.

FRÁ CARITAS ÍSLAND

Caritas Ísland er mjög þakklátt fyrir gjafmildi kapólskra í öllu Reykjavíkurbiskupsdæmi! Starf okkar felst í því að aðstoða bágstadda sem leita til okkar eða kirkjunnar og biðja um aðstoð og er starfið fyrst og fremst fjármagnað af adventu-söfnuninni einu sinni á ári. Í ár gáfu sóknarbörnin tæpar 600.000 kr. Kærar þakkir!

Auðvitað getum við ekki orðið við öllum beiðnum um fjárhagsaðstoð sem við fáum, en á síðasta ári höfum við aðstoðað yfir 20 einstaklinga og fjölskyldur sem þurftu hjálp í eitt eða fleiri skipti. Oft er aðstoð okkar í formi lítillar upphæðar upp í mánaðarlegan

matarkostnað þeirra. Enginn ætti að svelta á Íslandi! Þegar við getum ekki mætt þörfum þeirra sem hafa samband, sem gæti falið í sér aðstoð við að finna þeim vinnu eða húsnæði, gerum við okkar besta til að koma þeim í samband við aðra félagsþjónustu sem getur aðstoðað þá.

Ef ykkur vantar aðstoð, eða þekkið einhvern sem gerir það, getur hann haft samband við okkur á **caritasiceland@gmail.com** eða með því að hafa samband við prestinn í kapólsku sókninni á staðnum.

kt. 591289-1369
0513-14-403378



Mike Frigge djákni
Forstjóri Caritas Ísland



VESTFIRÐIR

Trúfræðsla í anda Neocatechumenat á Ísafirði

Fátækrahverfi í Madrid, snemma á sjöunda áratugnum. Ungur málari með gítar flytur inn í einn af braggann í fátækasta hverfi spænsku höfuðborgarinnar. Þessi atburður kom ekki aðeins sígaunum, vændiskonum, smáglæpamönnum og öðru almúgafólki á óvart, heldur hafði hann einnig áhrif á hundruð þúsunda manna í framtíðinni, sem þannig uppgötvaðu Guð í lífi sínu. Hvernig gerðist þetta? Ef við spyrjum Kiko Arguello sjálfan, því það er nafnið á málaranum, myndum við líklega heyra að hann gerði aldrei neitt sérstakt. Hann prédikaði aðeins fagnaðarerindið um kærleika Guðs til hverrar manneskju, jafnvel hinnar illu. Það er í þessum húsum sem nýkirkjusamfélagið var stofnað, það fyrsta af tugþúsundum samfélaga sem eru til staðar um allan heim í dag. Eftir þessa trúarfræðslu hefur fólk sem hefur oft misst merkingu lífs síns, hefur ekki séð

Neocatechumenal Catecheses in Isafjordur

Madrid's Slums, early 1960s. A young painter with a guitar moves into one of the barracks in the poorest district of the Spanish capital. This event not only surprised the gypsies, prostitutes, petty criminals and other common people living there, but also affected hundreds of thousands of people in the future, who thus discovered God in their lives. How did this happen?

If we asked Kiko Arguello himself, because that is the name of the painter, we would probably hear that he never did anything special. He only preached the good news about God's love for every human being, even the most evil one. It is in these barracks that the neocatechumenal community was founded, the first of the tens of thousands of communities present all over the world today.

Following this path of faith, people who have often lost the meaning of their lives, have not seen God's presence in their lives, are baptized or rediscover their baptism, which they received as a child and remember only from their parents' photos or stories. Discover God's infinite love! God loves every human being and bows down to the greatest sinner. The touch of his tender love transforms the heart of every human being.

nærveru Guðs í lífi sínu, verið skirt eða enduruppgötvað skírn sína, sem það fékk sem barn og man aðeins eftir í myndum eða frásögnum foreldra sinna. Uppgötvaðu óendanlega kærleika Guðs! Guð elskar hverja manneskju og beygir sig fyrir mesta syndara. Snerting blíðrar ástar hans umbreytir hjarta hvers manns.

Þar sem við finnum fyrir þörfinni á að breyta lífi okkar buðum við trúfræðingateyminu frá Reykjavík með beiðni um að flytja fræðslu sína í sókninni okkar. Vegna sérstöðu staðarins var trúfræðslan haldin á laugardögum og sunnudögum í september. Fræinu hefur verið sáð, við biðum eftir því að það vaxi. Við vonum að það beri ávöxt, að við förum að sjá önnur gildi í sókninni okkar sem munu hjálpa okkur að uppgötva Guð. Hér biðjum við.

Béatrice frá Bolungarvík

Feeling the need to change our lives, we invited the Catechist Team from Reykjavik with a request to deliver neocatechumenal catecheses in our parish. Due to the specificity of the place, catechesis was held on Saturdays and Sundays in September. The seed has been sown, we are waiting for it to grow. We hope that it will bear fruit, that we will start to see other values in our parish that will help us discover God. Here we pray.

Béatrice de Bolungarvik



FRÁ AKUREYRI

20 ÁRA VÍGSLUAFMÆLI PÉTURSKIRKJU

Péturskirkja var hátíðlega vígð þann 29. september 2002. Haldið var upp á þennan áfanga sunnudaginn 2. október sl. með messu kl. 11.00 og með veglegu kirkjukaffi að henni lokinni. Að gefnu tilefni er vert að rifja upp sögu húsakynna Kapólsku kirkjunnar á Akureyri sem hefur til umræða tvö glæsileg timburhús frá fyrri hluta 20. aldar á horni Eyrarlandsvegur og Hrafnagilsstrætis.

Eyrarlandsvegur 26

Eyrarlandsvegur 26, einnig kallað Breiðablik, er byggður árið 1911. Húsið hefur mörg einkenni norskra katalóghúsa. Einkennandi fyrir húsið er útskorið skraut og á því er sérstæður kvistur og útbygging nálægt horni þess sem gefa því glæsilegan og sérstakan svip. Upprunalegur eigandi hússins var Sigurður Hlíðar dýralæknir en hann mun ekki hafa byggt það heldur fengu hann og kona hans, Guðrún Louise Guðbrandsdóttir, það í brúðkaupsgjöf frá móður hennar sem var stórkaupmannsekkja úr Reykjavík. Kom húsið tilhöggvið frá Noregi. Næstu eigendur hússins á eftir Sigurði voru m.a. þeir Guðmundur G. Bárðarson, sem átti húsið 1923-26 og Brynleifur Tobiásson, sem bjó þar lengi á eftir. Báðir kenndu þeir við Menntaskólann á Akureyri, en þetta hús er einmitt staðsett skáhallt á móti skólanum. Allt frá árinu 1954 hefur húsið verið bæði aðsetur starfandi prests og kapella.

Hrafnagilsstræti 2

Húsið hefur þó öldungis ekki alla tíð verið kirkja því upprunalega, eða árið 1933, var húsið reist sem íbúðarhús. Það byggði Þorlákur Jónsson eftir teikningum Sveinbjarnar Jónssonar.



Þorlákur fékk haustið 1932 leyfi til að reisa íbúðarhús á horninu norðan Hrafnagilsstrætis og austan Möðruvallastrætis. Húsið var íbúðarhús frá byggingu og fram að aldamótum. Þorlákur Jónsson, sá er byggði húsið, auglýsir það til sölu árið 1947 og keypti Kapólska kirkjan á Íslandi það í byrjun 6. áratugarins. Húsnæði var árum saman í leigu fyrir starfsfólk spítalans en auk þess var hér rekin barnagæsla. Húsinu var breytt í kirkju á árunum 1998-2000, eftir teikningum Kristjönu Aðalgeirsdóttur og Sigríðar Sigþórsdóttur.

Hrafnagilsstræti 2 er þaðan í frá timburkirkja í stíl íslenskrar sveitarkirkju með sexrúðugluggum og bárujarni á þaki. Gengið er inn að sunnan, frá Hrafnagilsstræti og er turn kirkjunnar yfir inngönguálmum. Fyrrum austurálma íbúðarhússins er nú kirkjuskip og á austurhlíð er lítill kór (það kallast svæðið umhverfis altarið). Þá er stór gluggi á vesturhlíð. Inngöngudyr eru breiðar og veglegar með miklu rislaga dyraskýli.

Breytingin á húsinu var að mörgu leyti flókin enda þyrfti að dýpka kjallara hússins, styrkja undirstöður, stækka húsið, rífa öll þil, smíða nýja stiga og leggja nýtt gólf í nokkrum hluta hússins. Það er ekki annað að sjá en að þessi endurbygging hússins sé mjög vel heppnuð, að minnsta kosti er Péturskirkjan í hópi hinna skrautlegustu og glæstustu bygginga, og er sannkölluð perla í glæsilegri götumynd Hrafnagilsstrætis.

Einnig er húsið talið mynda skemmtilega heild með Eyrarlandsvegi 26.



FRÁ MARÍUKIRKJU, BREIÐHOLTI



Hátíð Allra heilagra

Þann 29. október sl. var haldin hátíð Allra heilagra í safnaðarheimilinu við Mariukirkju fyrir börn. Eins og sést í myndinni voru börnin klædd sem dýrlingar. Þegar mest var að gera var salurinn troðfullur af fólki. Það var nóg að borða fyrir alla en pizzurnar og samlokurnar hurfu mjög fljótt! Allir okkar heilögu höfðu mikla matarlyst!



Stella Maris bænahópurinn 21 árs

Stella Maris bænahópurinn var stofnaður fyrir 21 ári. Í ágústmánuði sl. komu félagar hópsins saman í safnaðarsalnum til að fagna þessum áfanga og voru nokkrir af stofnendum hópsins viðstaddir.

FRÁ AUSTFJÖRÐUM



Við fögnum brátt 13 ára vígsluafmæli (vígð 20. desember 2009) kapellu Líkama og blóðs Krists á Egilsstöðum.



Þann 4. desember kemur hl. Nikulás líka til Reyðarfjarðar til að gefa börnum eitthvað gott.



FRÁ STYKKISHÓLMI



Í október skipulögðum við átakið „Rósakrans vindsins“ í sókninni. Það fólst í því að heimsækja sóknarbörn og biðja saman Rósakransinn fyrir fjölskyldunni og fyrir friði. Síðan gáfum við Rósakransinn til að minnast einkum annarra í bæn, sérstaklega þeirra sem eru í neyð. Við köllum þetta Rósakrans vindsins vegna þess að við komum eins og vindurinn, bara til þess að biðja og svo til að fara í húsið við hliðina.

PL: W październiku w Parafii zorganizowaliśmy akcję „Wietrzny Różaniec”. Polegał on na tym by odwiedzać parafian i wspólnie modlić się na różańcu za rodzinę. Następnie zostawialiśmy różaniec misyjny, by pamiętano w modlitwie także o innych szczególnie potrzebujących. Wietrzny bo przychodziliśmy jak wiatr - tylko na modlitwę - aby ruszyć do następnego domu.



Þann 4. október minnumst við heilags Frans, verndara sóknar okkar í Stykkishólmi. Við fögnuðum á öllum viðkomustöðum okkar. Eftir hátíðlega messu fögnuðum við saman.

PL: 4 października wspominamy św. Franciszka, Patrona Parafii w Stykkishólmu. Świątowaliśmy we wszystkich naszych punktach dojazdowych. Po uroczystej mszy mieliśmy wspólne świętowanie.



Hátíð Allra heilagra í Stykkishólmi. Við buðum börnum alls staðar að úr sókninni að undirbúa og kynna dýrlingana. Það var mikil veisla, keppnir, verðlaun og aðalkeppnin var Bingó.

PL: Uroczystość Wszystkich Świętych w Stykkishólmu. Zaprosiliśmy dzieci z całej Parafii, by przygotowały i zaprezentowały Świętych. Było smaczne ucztowanie, konkursy, nagrody i Konkurs Główny - Bingo.



PRZYSZŁO DO SWOJEJ WŁASNOŚCI, A SWOI GO NIE PRZYJĘLI...



JOANNA KAPUŚCIK

Wielkimi krokami zbliża się Boże Narodzenie. Postępująca laicyzacja, ukierunkowanie na materializm i wszechobecny marketing starają się zmienić w naszych oczach obraz wszystkich świąt chrześcijańskich. Piękne dekoracje, zwyczaje, nastrojowa muzyka, które są elementami tradycji, często przesłaniają właściwą istotę świętowania a przecież powinny być jedynie otoczką. Rzadko kto zagłębia albo zastanawia się nad genezą Świąt. Na stole 12 potraw, pod choinką prezenty a w świątecznym harmonogramie „Kevin sam w domu”. A gdzie w tym wszystkim jest miejsce dla Boga? Urodziny bez solenizanta? Tymczasem On nie gardzi nami i pragnie narodzić się w naszych sercach.

Obraz Boga u wielu ludzi, powszechnie uważających się za chrześcijan to nieosobowa, przenikająca świat i ludzi energia. Nie dostrzegają w Nim ani Stwórcy, ani Zbawiciela, odrzucają Sakramenty i Kościół, twierdząc że Boga mają przecież w sercu. Ale czy można mieć kogoś w sercu nie tęskniąc za nim, nie kochając go, nie rozmawiając z nim, nie pragnąc go codziennie spotykać? Dlatego tak ważne jest nawiązanie relacji. Na polskim gruncie przyjęło się powiedzenie: „Jak trwoga to do Boga”. Obarcza się Go również winą za brak reakcji na dziejące się zło. Tymczasem prawdziwa relacja z Bogiem oznacza otwarcie się na Jego Słowo, które prowadzi i oświeca. O ileż lepsze byłoby wdrożenie w życie innego polskiego przysłowia: „Bez Boga ani do proga”.

O współczesności mówi się, że są to czasy światła. Człowiek dokonał tylu odkryć, wynalazków, powoli też zdobywa kosmos. Ale czy naprawdę porusza się w światłości? W Liście św. Jana czytamy: „Nowina, którą usłyszeliśmy od Niego i którą wam głosimy, jest taka: Bóg

jest światłością, a nie ma w Nim żadnej ciemności” (1J 1,5). Światło jest elementem, które pozwala widzieć rzeczy wokół nas. Bez niego nie wiemy, co się wokół dzieje i nie potrafimy właściwie się poruszać. A jeśli widzimy coś, to musimy to jeszcze nazwać, nadać mu znaczenie, aby być w stanie się poruszać. Tymczasem szukamy światłości poza Bogiem. On przyszedł do nas a myśmy Go nie poznali. Przyszedł nas zbawić, wyrwać z sidła szatana i dać Swoje Światło. „Wszystkim tym jednak, którzy Je przyjęli, dało moc, aby się stali dziećmi Bożymi” (J 1,12). Dzieciństwo Boże pozwala nawet w czasie wielkiego zagrożenia i niesprzyjających okoliczności czuć się bezpiecznie, bo jako dzieci możemy wtulić się w ramiona kochającego Ojca. W historii ludzkości aktualne jest zmaganie się między dobrem i złem. Wielu zniechęca się i poddaje beznadziei, przestaje walczyć; trzusi się zabiegając o chleb powszedni, a swoje patrzenie ukierunkowuje na świat materialny. Jezus wskazuje nam właściwy kierunek patrzenia. Do szatana, który kusił go by okazał swoją Boską moc poprzez przemianę kamienia w chleb, powiedział: „Nie samym chlebem żyje człowiek, lecz każdym słowem, które pochodzi z ust Bożych” (Mt 4, 4b). Człowiek nie jest zatem stworzony wyłącznie do posilania się chlebem, wicia na tej ziemi wygodnego gniazda i bezproblemowego życia. To nas nigdy nie nasyci. Naszym wypełnieniem, sensem i szczęściem może być tylko Bóg i Jego Słowo. Dobry Ojciec wychowuje nas, usiłuje odwrócić od bezsensownego życia i odkryć przed nami to prawdziwe. Szczęściem jest Go odnaleźć i prawdziwie pokochać. Eucharystia jest zaś Jego darem, udziałem w Ciele i Krwi Chrystusa, który przyjął naturę ludzką, umarł i zmartwychwstał dla nas z miłości i ma moc zmienić nasze życie.

„Słowo stało się ciałem i zamieszkało wśród nas” (J 1, 14a) a to znaczy, że Jezus nigdy nas nie opuścił. Powiedział: „Ja jestem z wami przez wszystkie dni, aż do skończenia świata” (Mt 28 20b). Od nas zależy czy pozwolimy Mu narodzić się w naszych sercach. „Oto stoję u drzwi i kołaczę: jeśli kto posłyszysz mój głos i drzwi otworzy, wejść do niego i będę z nim wieszerał, a on ze Mną” (Ap 3, 20) – zapewnia Zbawiciel. I tego nam wszystkim w te Święta życzę - abyśmy przyjęli do siebie Jezusa - Światłość Świata a dzięki ciągłemu z Nim przebywaniu, nieśli Go innym, zgodnie z tym, co nam przykazał: „Tak niech świeci wasze światło przed ludźmi, aby widzieli wasze dobre uczynki i chwalili Ojca waszego, który jest w niebie” (Mt 5,16).



KYRRÐARDAGAR FYRIR KONUR SKÁLHOLT 2022

Endurstillum andlega GPS leiðsögutækið okkar

Fyrir náð Guðs, tók hópur tuttugu og einnar konu af fimm mismunandi þjóðernum sér nokkra daga til þess að endurstilla tengingu sína við „andlegt GPS leiðsögutæki“, nánar til tekið frá fimmtudeginum 24. til sunnudagsins 27. nóvember. Á fimmtudagseftirmiðdegi hittumst við í Jósefskirkju og ókum þaðan sem leið lá til Skáholts sem er tilvalinn staður til þess að eiga saman kyrrðardaga.

Þessa daga gafst þeim tækifæri til þess að draga sig í hlé frá verkefnum og amstri hversdagsins til þess að dvelja einar í kyrrð með Guði, til þess að opna hjörtu sín og huga og einbeita sér óskiptar að því að hlusta á rödd Guðs. Þegar við förum um nýjar slóðir sem við þekkjum ekki þurfum við landakort eða eins og við gerum í dag, GPS leiðsögutæki, til þess að rata. Hugsið ykkur hversu óörugg við værum ef við hefðum það ekki!

Líf okkar er leið til himnaríkis og oft finnst okkur við vera týnd og ráðalaus einfaldlega vegna þess að við komumst ekki í samband við okkar andlega GPS tæki.

